

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 36/2012****2012/EES/43/03****frá 30. mars 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2012 frá 10. febrúar 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/403/ESB frá 7. júlí 2011 um breytingu á II. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar afturköllun á útrýmingaráætlun vegna nýrnaveiki á yfirráðasvæði Stóra-Bretlands og samþykki fyrir eftirlitsáætlun varðandi ostruherpesveiru 1 þvar fyrir Guernsey <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32011 D 0403**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/403/ESB frá 7. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 47).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/403/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 5, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 47.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.